

hálfu í fátækra sjóð Vatnsleysustrandarhrepps, en að hálfu til tilsjónarmanns Jóns Ólafssonar í Keflavík. Svo greiði og kærði Jón J. Breiðfjörð allan af máli þessu bæði í hjerði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur Hannesar Thorsteinsson og yfirjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 26/1892

Hreppsnefnd Vindhælishrepps
 gegn
 forstöðunefnd kvennaskólans
 á Ytri-Ey.

D ó m u r :

Hinn 12. janúar þ. á. skrifaði hreppsnefndaroddivitinn í Vindhælishreppi fyrir hönd hreppsnefndarinnar sýslumanninum í Húnavatnssýslu brjef, og fór þess í því á leit, að sýslumaður tæki lögtaki sveitarútsvar til hreppsins, að upphæð 20 krónur, er lagt hafði verið haustið áður á kvennaskólastofnunina á Ytri-Ey, en formaður skólastofnunarinnar neitað að borga. Sýslumaður svaraði þessu á þá leið, að hann ritaði npp á brjef hreppsnefndarinnar 10. febr. þ. á. utanrjettarúrskurð sinn sem sýslumanns um, að hið umbedna leyfi til þess að mega láta taka lögtaki umræddar 20 kr. yrði ekki veitt.

Þessum úrskurði hefur hreppsnefndin, að fenginni gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. júlí þ. á., og krafizt

þess, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og að hinir stefndu forstöðunefndarmenn verði in solidum dæmdir til að greiða allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað og að hinum skipaða talsmanni áfrýjanda verði dæmd hæfileg málsfærslulaun. Hin stefnda skólanefnd, sem hefur fengið gjafvörn og skipaðan málflytningmann, hefur krafizt þess, að hinum svonefnda úrskurði verði vísað frá yfirdóminum, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað, eins og málið eigi væri gjafsóknarmál, og að hinum skipaða málflytningsmanni hennar verði dæmd hæfileg málsfærslulaun.

Eins og áður er áminnt, hefur hinn áfrýjandi úrskurður eigi verið uppkveðinn í neinum rjetti, heldur af sýslumanninum sem umboðslegum embættismanni, og þar sem því eigi er hjer að ræða um neina gjörð eða synjun af hálfu rjettarþjóns, liggur úrskurðurinn eigi undir áfrýjun til yfirrjettarins. Það ber því að vísa máli þessu frá yfirrjettinum. Málskostnaður þykir rjett að falli niður. Hinum skipaða talsmanni stefndu bera 10 kr. í málsfærslulaun, er greiðist honum af almannaþje. Eftir úrslitum málsins verður hins vegar hinum skipaða sækjanda eigi dæmt málsfærslukaup.

Flutningur málsins af hendi hinna skipuðu málsfærslumanna málsaðilanna hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu víasast frá yfirdómi. Hinum skipaða málsfærslumanni hinnar stefndu forstöðunefndar, cand. jur. Hannesi Thorsteinsson, ber í málflytningu 10 krónur, er greiðist honum af almannaþje.